

# Drekaflóð 2019

## Ársskýrsla

### Samviska Drekaflóðar

Þessir Drekar sátu í Samvisku Drekaflóðar á árinu eftir kjör á aðalfundi 2019:

#### Aðalmenn:

Ingibjörg Kjartansdóttir  
Málfríður Hrund Einarsdóttir  
Thelma Ásdísardóttir  
Kristín Helga Magnúsdóttir  
Ásta Knútsdóttir  
Skúli Jón Unnarson  
Páll Ármann Pálsson

#### Varamenn:

Albert Valur Albertsson  
Fanney Björk Ingólfssdóttir

Við kjör á Samviskunni á aðalfundi 2019 varð sú breyting að Diljá Ámundardóttir Zoega sté úr stjórn sem varamaður og Drekaflóð þakkar henni fyrir sitt góða framlag til Drekaflóðar.

Í hennar stað kom inn Fanney Björk Ingólfssdóttir.

### Virkir Drekar í daglegu starfi.

Það er alltaf mikið líf í starfi Drekaflóðar sem fyrr og ávallt mikill kærleikur innan okkar veggja.

Thelma Ásdísardóttir, Málfríður Hrund Einarsdóttir (Fríða) og Ingibjörg Kjartansdóttir (Inga) voru allar í mikilli vinnu hjá Drekaflóð. Þær sáu um daglegan rekstur og skiptu með sér verkum. Ásta Knútsdóttir kom inn í starfið í janúar og tók viðtöl í hlutastarfi. Þá komu margir aðrir að starfinu á þessu ári eins og árin á undan. Ekki voru þó allir virkir í einu.

Seint um haustið var ákveðið að styrkja Drekaflóð á samfélagsmiðlum og í desember 2019 var ákveðið að endurnýja vefsíðuna og fá inn starfsmann í hlutastarf til þess að sinna því sem og að halda utan um samfélagsmiðla. Ruth Ásdísardóttir var ráðin í 13% starf og var fundur haldinn í desember þar sem ákveðið var að stofna instagram síðu og myndi Ruth hafa umsjón með henni ásamt facebooksíðu samtakanna sem var nú þegar til. Mikil ánægja er með störf Ruthar og þá jákvæðu breytingu sem hefur orðið á samfélagsmiðlunum okkar. Vefsíðan komst þó ekki í loftið á árinu enda þarf að vinna hana frá grunni.

Ráðgjafar sem sinntu einstaklingsviðtölunum hjá okkur 2019:

Thelma Ásdísardóttir  
Málfríður Hrund Einarsdóttir  
Ingibjörg Kjartansdóttir  
Ásta Knútsdóttir

Hluti af starfsfólki Drekaflóðar vinnur samhliða öðrum störfum eða námi.

Kjartan Kjartansson sá um bókhaldið okkar af mikilli alúð sem fyrr.

Ása Jóhannesdóttir sá um að svara í símann einu sinni í viku og sinnti því vel og samviskusamlega.

Fjöldi annarra Dreka kom svo að ýmsum öðrum verkefnum en verða þó ekki nefndir með nafni sökum trúnaðar.

Kunnum við öllu þessu frábæra fólki bestu þakkir fyrir alla aðstoðina. Drekaflóð er svo sannarlega rík af vinum og hugsjónafólki í kringum sig.

### Hópastarf

Aðeins einn lokaður hópur var innan Drekaflóðar árið 2019. Um hefðbundin grunnhóp var að ræða þar sem 5 konur unnu markvisst úr sínum afleiðingum. **5 manns** nutu því góðs af lokuðu hópastarfi Drekaflóðar. Leiðbeinendur voru Thelma Ásdísardóttir og Ásta Knútsdóttir.

Mjög öflugt hópastarf, Drekaflóð, var virkt allt árið í samstarfi við Hugarafli, en þó ekki stöðugt meðal annars vegna flutninga Hugarafli á árinu (sjá kafla um samstarf Drekaflóðar og Hugarafli). Drekaflóðarnar voru ákaflega vel sóttar, en á milli 20 til 35 mannst sátu gjarnan flóðarnar en þó ekki ætíð sömu einstaklingarnir. Varlega áætlað má gera ráð fyrir að minnsta kosti **70 einstaklingar** hafi nýtt sér Drekaflóðarnar. Flóðarnar eru einning fyrir Dreka, nokkrir drekar nýttu sér þetta einnig.

Auk þess var opni stuðningshópurinn virkur allt árið fyrir utan júlímánuð, en sá hópur fær sér kafla.

Bæta við um Hólmavíkurhópna.

### Opnir Stuðningsfundir Drekaflóðar

Fundirnir eru ætlaðir fyrir alla sem hafa persónulega reynslu af ofbeldi, þolendur og aðstandendur, fólk af öllum kynjum.

Árið 2019 voru **40 fundir** haldnir á árinu sem er fimm fundum færri en árið á undan.

**185 komur** voru á þessa fundi sem gerir **4.5 manneskjur að meðaltali** á hvern fund. Fjölmennasta fundinn sóttu **7 manns**. Fundasókn er svipuð og árið 2018, þó svolítill aukning þar sem að meðaltali 4 sóttu fundina 2018.

Ingibjörg Kjartansdóttir heldur utan um þessa fundi af miklum styrk og einnig kom Ása Jóhannesdóttir að þessu starfi.

### Samstarf Krýsuvíkur og Drekaflóðar

Áfram var haldið með spennandi samstarf Krýsuvíkursamtakanna og Drekaflóðar. Samstarfið felst í því að einu sinni í viku, fer starfsmaður Drekaflóðar (Thelma Ásdísardóttir) til Krýsuvíkur til þess að bjóða vistmönnum þar upp á viðtöl og ráðgjöf. Mjög margir af skjólstaðingunum í Krýsuvík eiga sögu um ofbeldi og/eða vanrækslu og því getur það verið mjög mikilvægur þáttur í þeirra vinnu með fíkn sína að hafa tækifæri til þess að vinna með þetta einnig. Frá upphafi hefur verið fullbókað hjá Thelmu og starfið gengið mjög vel. Bæði karlar og konur hafa nýtt sér þessa þjónustu. Eftirspurnin er mikil á Meðferðarheimilinu í Krýsuvík eftir aðstoð við að vinna úr afleiðingum ofbeldis. Yfirleitt er boðið upp á 6 viðtöl í hverri heimsókn til jafn margra einstaklinga. Það er þó ekki algilt því stundum er boðið upp á fræðslu hluta tímans.

Árið 2019 fór Thelma að leggja sig fram um að vera viðstödd útskriftir vistmanna Krýsuvíkur enda stórt skref fyrir flesta og fallegar athafnir. Það tókst þó ekki alltaf.

## Samstarf Drekaslóðar við Hugarafli

Þá hélt áfram mjög svo spennandi samstarf milli Drekaslóðar og Hugarafli. Einn starsmaður (Thelma Ásdísardóttir) fór reglulega með Drekasmiðju sem eru öflug námskeið sem eru þó sjálfstæð hvert og eitt. Smiðjurnar voru alls í 19 skipti, um vorið og svo aftur um haustið. Aðsókn var gríðarlega góð og hafa **60 til 80 einstaklingar** nýtt sér þessa þjónustu. Mikil ánægja er meðal notenda í Hugarafli með þetta samstarf og margir mættu ítrekað á námskeiðin.

Óviðkomandi Drekasmiðjunum var einnig aukafræðsla um heilsumál í Hugarafli auk fræðslu um öryggismál á vinnustað.

Fyrri hluta ársins 2019 voru **fjórir einstaklingar** í viðtölum í Drekaslóð á vegum Hugarafli. Þau viðtöl urðu **38 talsins**

Samvinnan á milli þessara samtaka verið góð í mörg ár og fögnum við því.

## Bjarkarhlíð

Bjarkarhlíð er samstarfsverkefni Velferðaráðuneytis, Innanríkisráðuneytis, Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu, Drekaslóðar, Kvænnaathvarfs, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Stígamóta og Kvinnaráðgjafar. Bjarkarhlíð er staður sem hægt er að fá heildræna aðstoð í formi ráðgjafar og viðtala hjá öllum þessum samtökum auk lögreglu, félagsráðgjafa og sérfræðings.

Drekar tóku áfram virkan þátt í starfi Bjarkarhlíðar. Drekar hafa verið með viðveru þar einu sinni í viku og bjóða upp á 3 til 4 einstaklingsviðtöl hverju sinni. Ingibjörg Kjartansdóttir sá um ráðgjöf innan Bjarkarhlíðar á árinu af mikilli röggsemi. Thelma Ásdísardóttir situr í stjórn Bjarkarhlíðar. Ingibjörg Kjartansdóttir var varamaður í stjórninni og einnig varamaður í framkvæmdastjórninni. Ingibjörg mætti á alla fundi framkvæmdarstjórnar.

Eftirspurn eftir þjónustu Drekaslóðar hefur frá upphafi verið mikil í Bjarkarhlíð og árið 2019 var engin undantekning þar á. Það var ætíð fullbókað og yfirleitt bið að komast að. Það er nokkuð ljóst að ef Drekar gætu aukið viðveru sína innan Bjarkarhlíðar yrði aðsóknin til okkar enn meiri þar.

## Hólmavík

Skemmtilegt samstarf náðist með Drekaslóð, Hvatastöðinni á Hólmavík og félagsþjónustunni á Ströndum. Thelma Dreki fór í fjögur skipti til Hólmavíkur og þar af í eitt skipti til Reykhóla með námskeið og bauð einnig upp á einstaklingsviðtöl. Esther Ösp Valdimarsdóttir, stofnandi Hvatastöðvarinnar stóð að þessu og heppnaðist þetta einstaklega vel. Þrjú af fjórum námskeiðunum voru afar vel sótt og mættu á milli **12 til 20 manns** á hvert og eitt. Mætingu á fjórða námskeiðið var hamlað vegna veðurs og komust aðeins 3 á það námskeið. **9 manns** nýttu sér viðtalþjónustuna sem var í boði.

Til gamans má geta þess að heimförin í eitt skiptið var óvenjuleg þar sem Thelma missti af strætó. Það varð því úr að hún fékk að sitja í flutningabíl með vinveittum bílstjóra til Reykjavíkur. Í eitt skiptið þurfti Thelma að gista vegna veðurs.

## Ýmislegt úr starfinu

Starfið í Drekaslóð var líflegt og skemmtilegt þetta árið sem fyrr og margt brallað. Það er ætíð mikið að gera í húsakynnum Dreka.

Drekar voru ötulir í að fræða alls kyns hópa um birtingarmyndir ofbeldis og afleiðingar þess og/eða um starfsemi Drekaslóðar. Ýmist fengum við til okkar góðar heimsóknir

eða þá að við sóttum áhugasama heim. Auk háskóla og framhaldsskóla kíktu Drekar í heimsókn til kynferðisbrotadeildar lögreglu, við spjölluðum við félagi í Díamat, skruppum á Selfoss með fræðslu um kynlíf í kjölfar ofbeldis. Við fórum með aukafræðslur bæði til Krýsuvíkur og Hugarafis og fengum heimsókn frá Art of Living svo eitthvað sé nefnt. Það má geta þess að mikil ánægja hefur verið almennt með fræðslur Drekaslóðar hvar sem lítið hefur verið við.

Nemar Háskóla og framhaldsskóla hér á landi hafa verið duglegir að leita til okkar um álit og óska eftir tölulegum upplýsingum. Fleiri hafa leitað í viskubrunn Dreka til að fá álit eða ráðgjöf hverskonar má þar nefna eins ólíka hópa og listafólk og svo ráðuneytin með ýmis konar verkefni tengd ofbeldi.

Drekar komu einnig að nokkrum rannsóknum og verkefnum hjá nemum á ýmsum stigum. Ýmist með beinni þátttöku í rannsóknum eða með fræðslu og tölulegum upplýsingum.

Tveir Drekar, Palli og Thelma eyddu skemmtilegum degi í Háskólanum í Reykjavík að kynna Drekaslóð fyrir nemendum. Mörg samtök voru saman komin þann dag að spjalla við nemendur um ýmislegt í lífinu og tilverunni.

Nú svo má ekki gleyma því að við höfum verið dugleg að víða að okkur þekkingu og höfum haldið öflug námskeið fyrir okkur Drekan sjálfa til þess að styrkja okkur öll í starfi, en tvisvar sinnum yfir árið voru Drekar með nám og starfsdaga ætluð virkum Dreku. Einstaklega kraftmiklir dagar sem nýttust vel.

Drekar sóttu sér líka fræðslu víða með því að mæta á málþing og ráðstefnur og hlusta á fróðleg erindi. Þá tókum við þátt í málþingum og ráðstefnum með ýmis erindi, bæði hér í Reykjavík og víðar. Eftirminnileg var ráðstefna um kvíða sem haldin var að Hólum í Hjaltadal í einstakri náttúrufegurð, þar sem Thelma var með erindi.

Drekar skelltu sér líka saman í helgarferð í bústað þar sem við lærðum og nutum okkar í dásamlegri samveru. Og ekki má gleyma að minnast á einstaka lambalærið sem hún Inga okkar bauð upp á.

## Viðtöl

Aðsókn í viðtölin hjá Drekaslóð hefur verið mikil frá upphafi og var þar engin breyting á árið 2019. Einstaklingsviðtöl Drekaslóðar voru tekin á nokkrum stöðum, Í Krýsuvík, í Hugarafli, í Reykjanesbæ, Bjarkarhlíð, í húsnaði Hvatastöðvarinnar í Hólmavík og auðvitað í húsnaði Drekaslóðar í Borgartúninu. Eftirfarandi tölur eru fyrir starfsemi Drekaslóðar árið 2019.

Alls komu **178 einstaklingar** í viðtöl árinu. **48 karlar, 125 konur og 5 sem skilgreindu sig kynsegin. Karlar eru því um 27%** þeirra sem nýta sér viðtalsþjónustu Drekaslóðar, sem er tveggja prósentu minnkun frá árinu 2018. Þau sem skilgreindu sig kynsegin voru 5 árið 2019 en voru 8 árið á undan. Af þessum 178 voru **11 að koma sem aðstandendur þolenda**. Nokkrir til viðbótar þeim komu bæði sem aðstandendur og til þess að vinna með ofbeldi gegn þeim sjálfum og eru taldir sem þolendur þar sem það var fyrirferðarmeira í þeirra vinnslu.

Fjöldi karla er svipaður hlutfallslega og í fyrra. Það er ánægjulegt hversu margir karlar leita til okkar. Það skýrist meðal annars vegna Krýsuvíkur og þess að við erum aðilar að Bjarkarhlíðar-verkefninu og þar sóttu karlmenn það talsvert að koma til okkar frekar en til annarra samtaka sem eru í Bjarkarhlíð. Á móti kemur að konur voru í miklum meirihluta þeirra sem Drekaslóð sinnti vegna samstarfs við Hugarafli.

Alls voru tekin **712 einstaklingsviðtöl** sem gerir um **4** viðtöl á hvern að meðaltali. Þetta er fækkun á fjölda viðtala og einnig eru aðeins færri viðtöl á hvern, var 4.3 árið 2018. Skýringarnar er að finna í því að bæði Thelma og Fríða þurftu að vera þó nokkuð frá vinnu árið 2019 af persónulegum ástæðum. Í Hólmavík var aðeins einn

einstaklingur af þeim 9 sem nýttu viðtalsþjónustuna þar, sem mætti í 4 viðtöl. Aðrir þar mættu sjaldnar.

### Notendur Drekaslóðar

Fólk leitar til Drekaslóðar til þess að vinna úr afleiðingum eftir hvers konar ofbeldi, meiðandi samskipti og upplifanir, og svo vanrækslu. Mjög margir sem koma eiga sögu um eitthvað fleira en eitt sem óskað er eftir að vinna úr. Sumir koma einnig til þess að fá stuðning vegna ofbeldis sem ástvinur þeirra hefur verið beittur og enn aðrir óska eftir góðri fræðslu eða jafnvel rökkræðum um skilgreiningar á ofbeldi og hvernig best sé að nálgast umræðuefnið í íslensku samfélagi. Við reynum að sinna öllum eftir bestu getu. Hér á eftir fylgja upplýsingar um hvað þau voru að vinna með, sem komu í einstaklingsviðtölin til okkar. Í þessum hópi eru ekki þau sem leituðu til okkar eingöngu til þess að fá fræðslu eða upplýsingar og heldur ekki þau sem sóttu opnu stuðningsfundina, námskeið eða annað sem flokkast ekki sem einstaklingsviðtöl. Athugið að margir koma vegna margs konar ofbeldis og þess vegna er samtalan hér mun hærri en fjöldi þeirra sem nýttu sér einstaklingsviðtölin okkar. Tölur í sviga eru tölur fyrir 2018

Kynferðislegt ofbeldi af öllu tagi: 87 (99)  
Einelti: 48 (50)  
Andlegt ofbeldi annað en einelti og í parasamböndum: 56 (39)  
Ofbeldi í parasambandi: 54 (67)  
Líkamlegt ofbeldi annað en í parasamböndum: 51 (41)  
Vanræksla: 40 (46)  
Vændi og mansal: 15 (9)  
Annað: 17 (14)  
Alls: 368 (365)

### Hverjir beittu ofbeldinu?

Drekaslóð hefur frá upphafi hvatt fólk af öllum kynjum til þess að koma og leita sér aðstoðar og einnig lagt áherslu á að ofbeldi getur verið framið af hvaða kyni sem er og/eða börnum. Þess vegna hefur notendahópur Drekaslóðar verið nokkuð fjölbreyttur og fólkið sem beitir ofbeldinu einnig. Sumir hafa verið beittir ofbeldi af fleirum en einum og því er þessi tala ekki sú sama og sá fjöldi sem hefur leitað til okkar í einstaklingsviðtöl. Á móti kemur að sumir hafa leitað til okkar með reynslu þar sem engin ofbeldismanneskja kemur að, eins og í sumum vanrækslumálum. Sem fyrr eiga þessar tölur eingöngu við um þá sem hafa leitað til okkar í einstaklingsviðtöl. Tölurnar í svigunum eru tölur fyrir árið 2018

Karlar: 113 (122)  
Konur: 69 (76)  
Önnur kyn: 3 (1)  
Börn (allir undir 18 ára): 40 (45)  
Óljóst: Í 12 málum. (18)  
Engin sem beitir ofbeldi: 9 (17)  
Ekki vitað: Í 14 málum (í 21 máli).

## Samantekt á tölum

Fjöldi notenda Drekaslóðar sem sóttu hópa og viðtöl eru **280 (253)**, sem er fjölgun frá árinu á undan. Inn í þessari tölu eru ekki þau sem hafa sótt fræðslu eða stök námskeið þar sem sitjandi fjöldi er ekki skráður (t.d. heimsóknir frá skólum). Ótalin eru mikill fjöldi símaviðtala, séu þau ekki skráð sem slík en mikið er hringt til Drekaslóðar til þess að fá ráðgjöf og við sinnum því ætíð ef við getum. Við höfum þó reynt að bæta okkur með slíka skráningu. Einnig eru þau sem mæta á opna stuðningsfundi vantaldir þar sem aðeins er notuð talan fyrir fjölmennasta fund. Á móti kemur að einhverjir eru tvítaldir þar sem sumir sækja bæði viðtöl og mæta í hópa á sama árinu. Ástæðan fyrir fjölgun þeirra sem nýttu sér hópastarf Drekaslóðar kemur fyrst og fremst vegna samvinnu Drekaslóðar og Hugarafls, en þar var Thelma með Drekasmiðjuna sem hefur gert talsverða lukku. Í stað þess að telja einungis fjölmennasta fundinn eins og gert var árið 2018 notum við raunhæfari tölu eða **70 manns**, sem þó er vantalning. Einnig bætist við þau skipulögðu námskeið sem voru haldin voru í Hólmavík og er þar tekið með fjölmennasta námskeiðið eða **20 manns**.

**Karlmenn eru í kringum 24%** þeirra sem nýta sér þjónustu Drekaslóðar í heildina. Þetta hlutfall er svipað og í fyrra (var 25%). Þó voru karlmenn **27%** séu eingöngu viðtöl talin.

Við fylgjumst með mun á kynjunum meðal þeirra sem beita ofbeldinu og reyndust konur vera **69 eða um 38%** meðal fullorðinna þar sem upplýsingar lágu fyrir. Þetta eru næstum sömu tölur og við sáum árið á undan og kemur okkur Drekaum ekki mikið á óvart þar sem fólk hefur verið að koma í síauknum mæli til Drekaslóðar vegna ofbeldis af hendi kvenna.

Í þeim málum þar sem konur hafa beitt ofbeldi er algengast að fólk komi vegna ofbeldis sem mæður þeirra hafa beitt en þar á eftir vegna ofbeldis kvenna í parasamböndum og þá í langflestum tilvikum gegn karlmönnum. Einnig er talsvert um eineltismál á fullorðnisárum (algengast innan fjölskyldna og á vinnustöðum) þar sem konur eru gerendur.

Nokkur mál komu inn á borð til okkar þar sem fólk sagði frá ofbeldi sem það hafði verið beitt af hendi samfélags eða ákveðinna stofnana og eru það málin sem meðal annar eru talin sem “óljóst” hver beitti ofbeldinu.

Við flokkum efnislegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi, rafrænt ofbeldi og þegar verið er að elta og hóta, sem andlegt ofbeldi.

Við verðum vör við aukna hörku á frömdu ofbeldi, sérstaklega í málum sem koma frá Krýsuvík, en einnig í sumum málum sem koma til okkar eftir öðrum leiðum. Svo virðist sem harkan í “undirheimunum” sé að aukast jafnt og þétt. Algengt er að fólk segi frá grófu líkamlegu ofbeldi, frelsissviptingum jafnvel í langan tíma, vopnaburði, spillingu og kynferðislegri nauðung.

Er þetta skýrt merki um mikilvægi þess að Drekar haldi ótrauðir áfram störfum sínum.